


Magnús Á. Árnason við eitt verka sinna.


Magnús Á. Árnason á Kjarvalsstöðum

Magnús A Árnason, listmálari, opnar myndlistarsýningu í austursal Kjarvalsstaða í dag, og stendur sýningin til 31. þ.m. og verður opin klukkan 2-10 síðdegis alla dagana nema á mánudögum. Magnús sýnir þarna 101 verk, flest þeirra málverk, en einnig átta höggmyndir og nokkrar kaffi- og blekteikningar. Flest verkanna á sýningunni eru frá síðustu árum og þá einkum frá síðastliðnu ári. Sumar kaffi- og blekteikninganna eru þó heldur betur eldri, eða frá árunum 1933-34. Kvað Magnús þær hafa verið týndar en fundist nýlega.

Magnús sagði blaðamanni Þjóðviljans að sjö ár væru síðan hann hélt sýningu síðast. Hann hefur margoft sýnt bæði hér heima og erlendis, og kvaðst hann sjálfur ekki hafa haft neina tölu á því, hve oft hann hefði haldið sýningar, bæði einn og með öðrum, nema það að hann hefði haldið 11 sýningar hér á landi utan Reykjavíkur.

Landslagsmyndir eru mjög margar á þessari sýningu, enda kvaðst Magnús mest hafa gert af því að mála landslag, portrett og blóm.

dþ.



Erling Blöndal Bengtsson leikur svítur Bachs hjá Kammermúsíkklúbbnum.

Erling Blöndal Bengtsson leikur svítu Bachs hjá Kammermúsíkklúbbnum

Kammermúsikklúbburinn hefur nú starfsárið 1976-1977 með því að prófessor Erling Blöndal Bengtsson flytur allar sex svítur J.S. Bach fyrir einleikssello á tvennum tónleikum í Bústaðakirkju, sunnudaginn 17. október og þriðjudaginn 19. október.

Fyrir réttum 40 árum kom prófessor Erling Blöndal Bengtsson, þá rúmlega 4 ára gamall, fyrst fram á tónleikum í Kaupmannahöfn.

Starfsemi Kammermúsikklúbbsins hófst í febrúar 1957 og á klúbburinn því 20 ára afmæli á næsta ári. Í því tilefni eru ráðgerðir afmælistónleikar snemma á næsta ári, en ekki hefur endanlega verið gengið frá efni þeirra.

Á 4. og 5. tónleikum starfsársins verður haldið áfram heildarflutningi strengjakvartetta Beethoven og flytur þá Sinnhofer kvartettinn frá Þýzkalandi sex Strengjakvartetta Beethoven.

Félagar í Kammermúsikklúbbnum eru um 200, en heppilegt er að auka þá tölu nokkuð. Þeir sem vilja gerast félagar eru beðnir að koma nokkru fyrir tónleikana í Bústaðakirkju til innritunar.

Torfi Jónsson sýnir á Loftinu

Torfi Jónsson opnar í dag kl. 2 myndlistarsýningu á Loftinu á Skólavörðustíg 4. Listamaðurinn sagði okkur, þegar við litum inn til hans, að þegar væri ljóst að á sýningunni yrðu um 40 myndir, en að þær gætu vel orðið fleiri. Flestar myndanna, eða yfir 30, eru vatnslitamyndir, hinar skriftgrafik og teikningar. Sýningin stendur yfir í tvær vikur og verður opin kl. 2-6 á laugardögum og 9-6 aðra daga nema sunnudaga.

Torfi kvað hér raunar vera um að ræða framhald sýningar, sem hann hefði verið með á vinnustofu sinni á Skúlagötu 61 og ætlað fyrst og fremst vinum og kunningjum, en vegna margra áskorana hefði hann ákveðið að setja upp opinbera sýningu í hentugu húsnæði. Þetta er fyrsta sýning Torfa á Íslandi, en hann hefur tekið þátt í samsýningum í Frakklandi og Þýskalandi.



Brúður Jóns E. Guðmundssonar á sýningunni.

Brúðusýning í anddyri Kjarvalsstaða

Um þessa helgi byrjar Jón E. Guðmundsson sýningar með brúðuleikhúsi í austurgangi Kjarvalsstaða og verða tvær sýningar á dag, kl. 5 og 9. Hver sýning stendur yfir 45 mínútur. Sýningar þessar eru einkum ætlaðar börnum og unglingum og kostar aðgangur 300 kr. Af hálfu Kjarvalsstaða er hér um tilraun að ræða, því að ef aðsókn verður góð, er fyrirhugað að Jón haldi áfram sýningum með brúðuleikhús sitt um helgar.


Gunnar Kvaran og Gísli Magnússon í Austurbæjarbíói

Í dag kl. 14.30 halda Gunnar Kvaran, sellóleikari, og Gísli Magnússon pianóleikari, tónleika á vegum Tónlistafélags Reykjavíkur í Austurbæjarbíói. Tónleikar þessir eru þriðju tónleikar félagsins á starfsvetrinum 1976-1977.

Á efnisskrá tónleikanna er einleikssvíta fyrir selló nr. 2 eftir S.S. Bach, Fantasiestucke eftir R. Schumann. Elegie eftir G. Fauré. Síðan er verk eftir Þorkel Sigurbjörnsson sem heitir „Oft vex leikur af litlur". Síðasta verkið er sónata op. 40 eftir D. Schostakovitsh.

Alls munu verða haldnir 9 tónleikar á vegum Tónlistarfélagsins í vetur. Af þeim sem framundan eru má nefna: Guðný Guðmundsdóttir, Hafliði Hallgrímsson, og Philip Jenkins í janúar. Franski fiðlul. Jan DOBRZELEWSKI, Pina CARMIRELLI, og Árni Kristjánsson. Stuttgartkammerhljómsveitin undir stjórn Karls Munchinger, heldur tón leika hér í mars. Selma Guðmundsdóttir, pianóleikari í apríl og síðan heldur söngvarinn Peter Pears tónleika í lok maí.

Tónlisarfélagið getur bætt við sig nokkrum áskrifendum.



Torfi Jónsson á Loftinu

Klassísk gítartónlist á sunnudag

Á morgun munu félagar í Félagi áhugamanna um klassíska gítartónlist koma saman í kjallara Tónabæjar kl. 14. Starfsemi félagsins hefur legið niðri um nokkurt skeið, en er nú endurvakin. Öllu áhugafólki um sígilda gítartónlist er velkomið að líta inn. Upplýsinga er hægt að afla hjá forsvarsmönnum félagsins, þeim Kjartani Eggertssyni, í síma 74689 og Jóni Ívarssyni, í síma 71246.

Leiklestur á Don Juan

Fitjað verður upp á nýjung á Litla sviði Þjóðleikhússins næstkomandi þriðjudagskvöld. Þar verður fluttur í upplestrarformi leikþátturinn Don Juan í Helvíti eftir George Bernhard Shaw. Þáttur þessi er hluti af leikritinu Man and Superman, sem í íslenskri þýðingu Menn og ofurmenn. Þátturinn um Don Juan er draumkafli í leikritinu, en oft fluttur einn sér, enda sjálfstæð heild.

Leikstjóri er Baldvin Halldórsson en fjórir leikarar lesa hlutverkin: Gunnar Eyjólfsson er í hlutverki Don Juans, Erlingur Gíslason les Djöfulinn, Margrét Guðmundsdóttir Önnu og Ævar R. Kvaran er í hlutverki styttunnar. Leikritið Menn og ofurmenni er meðal þekktari verka Shaws og hefur það verið flutt hér í útvarp en aldrei leikið.

Sem fyrr segir verður flutningurinn á Don Juan á þriðjudagskvöld kl. 20:30 og verður endurtekinn kvöldið eftir. Gefi tilraun þessi góða raun er fyrirhugað framhald á og fleiri verk tekin til flutnings síðar í vetur.




Eiginkonur fóstbræðra sýna stöðu konunnar í ýmsum löndum á skemmtikvöldum kórsins.

Skemmtanir fóstbræðra

Karlakórinn Fóstbræður gengst fyrir skemmtikvöldum fyrir styrktarfélaga sína í félagsheimili kórsins að Langholtsvegi 109-111. Skemmtanirnar verða haldnar föstudags- og laugardagskvöld sennipart október og fyrripart nóvembermánaðar. Þær hefjast kl. 20.30 öll kvöldin.

Kórinn syngur nokkur létt lög. Stjórnandi kórsins Jónas Ingimundarson leikur á pianó. Blandaður kór Fóstbræðra og eiginkvenna þeirra syngur. Ómar Ragnarsson kemur fram og eiginkonur fóstbræðra sýna leikþætti um stöðu konunnar í ýmsum löndum undir stjórn Sigríðar Þorvaldsdóttur leikara.

Miðasala er í Fóstbræðraheimilinu á fimmtudögum frá 18 til 20 á fimmtudögum og frá 19 sýningardagana. Upplýsingar í síma 85206.



Einar Hákonarson með stórsýningu á Kjarvalsstöðum

Einar Hákonarson á Kjarvalsstöðum

Einar Hákonarson listmálari opnar málverkasýningu kl. 14 í dag, laugardaginn 16. okt. í vestursal Kjarvalsstaða. Sýningin verður opin til 25. okt. Á sýningunni eru 88 ný málverk, og segir í tilkynningu frá listráði Kjarvalsstaða að verk þessi marki að mörgu leyti þáttaskil í listsköpun Einars. Hann hefur áður haft fimm einkasýningar og auk þess tekið þátt í fjölmörgum alþjóðlegum sýningum og samsýningum innanlands. Hann hefur hlotið verðlaun fyrir málverk og grafik erlendis. Björn Th. Björnsson segir m.a. um sýningu Einars í formála að málverkaskrá:

„Hann er teiknari og myndskipunarmaður fyrst og fremst, agaður af góðum skólum og löngu starfi að svartlist, þar sem reynir ekki síst á þá frumþætti myndgerðar sem hér er haldið til skila."

dþ

sýrpa